

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057

Alþingi

Erindi nr. P 116 1837

komudagur 26 / / 1993

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b/t Rögnu Árnadóttur
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík.


Reykjavík, 15. janúar 1993.

Lögmannafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti.

Frumvarp þetta er fram komið til að aðlaga íslenska löggjöf að tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 10. júní 1991 nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til þess sem á ensku nefnist "Money Laundering", en skv. samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem nú hefur verið lögfestur hér á landi er Ísland skuldbundið til hafa aðlagað löggjöf sína að þessari gerð Evrópubandalagsins við gildistöku EES-samningsins.

Lögmannafélagið lýsir sig fylgjandi frumvarpinu og hefur engar athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,
f.h. Laganefndar L.M.F.Í.


Magnús Thoroddsen formaður.